

Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Ásta Rakel Viðarsdóttir
Jelena Kuzminova
Magdalena Guðrún Bryndísardóttir
Auður Ýr Sigurðardóttir
Hlíf Sigurjónsdóttir
Hekla Arnardóttir

2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Helga Andrésdóttir
Rannveig Anna Guðmundsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir

Víola

Þórunn Harðardóttir
Elín Björk Jónasdóttir
Súsanna Friðriksdóttir
Samantha Jeng

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Sverrir Teitsson
Guðrún Svana Hilmarsdóttir

Kontrabassi

Jón Hörður Jónsson
Ásthildur Jónsdóttir
Jóhannes Georgsson

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Guðrún Herdís Arnarsdóttir
Dagbjört Erla Kjartansdóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Magnús Pálsson
Védís Helgadóttir

Fagott

Hafey Lilja Hreinsdóttir
Shannon Couillard

Kontrafagott

Snorri Heimisson

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Erling Róbert Eydal
Guðmundur Andri Ólafsson
Saga Sunnevudóttir

Trompet

Steinar Matthías Kristinnsson
Hringur Gretarsson

Básúna

Valgeir Geirsson
Aurora Erika Luciano
Finnbogi Óskarsson

Túba

Roine Hultgren

Pákur

Frank Aarnink



NÚMER EITT

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í Seltjarnarneskirkju

laugardaginn 18. maí 2019, kl. 16:00

Einleikari á píanó:

Helgi Heiðar Stefánsson

Stjórnandi:

Oliver Kentish



Æft af krafti fyrir tónleikana


Hljómsveitin þakkar Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning. Sveitin nýtur styrks Menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur 2019.




Helgi Heiðar



Oliver Kentish



Sergei Prokofiev



Johannes Brahms

Efnisskrá:

Sergei Prokofiev: Píanókonsert nr. 1 í Des-dúr, Op. 10

Allegro brioso
Andante assai
Allegro scherzando

Hlé

Johannes Brahms: Sinfónía nr. 1 í c-moll, op. 68

Un poco sostenuto - Allegro
Andante sostenuto
Un poco Allegretto e grazioso
Adagio – Piu Andante – Allegro non troppo, ma con brio – Piu Allegro

UM HÖFUNDA OG VERK:




Sergei Prokofiev (1891-1953) hóf feril sinn sem undrabarn í tónlist, samdi sitt fyrsta verk sex ára og fyrstu óperuna níu ára. Þrettán ára hóf hann nám við tónlistarháskólann í St. Pétursborg. Á tónverkalista hans er að finna margs konar tónlist, meðal annars sífóniur, konserta, kammertónlist, ballettónlist og kvikmyndatónlist. Hann var afburða píanóleikari og hlaut frægð sína í upphafi

fyrir að semja og flytja erfið verk fyrir það hljóðfæri. Þar á meðal er Píanókonsert nr. 1 sem hann samdi fyrir útskrift sína úr tónlistarháskólanum.

Hann samdi alls fimm píanókonserta, og fengu þeir ekki allir góðar viðtökur áheyrenda. “Kettirnir uppi á þaki búa til betri músík”, lét einn sér um munn fara eftir frumflutning Píanókonserts nr. 2. Ballettónlist hans hlaut betri viðtökur, til dæmis Rómeó og Júlía, sem er meðal vinsælustu verka af því tagi. Prokofiev fluttist til Bandaríkjanna eftir rússnesku byltinguna og bjó um skeið einnig í Þýskalandi og París. Fyrsta hljómplata hans var tekin upp 1932 í Abbey Road Studios í London, sem síðar urðu fræg vegna annarra tónlistarmanna.

Árið 1936 fluttist hann til baka til Rússlands og starfaði þar til dauðadags. Hann átti þar frjótt samstarf við tónlistarmenn af yngri kynslóðinni, þar á meðal Sviatoslav Richter og Rostropovitch. Fyrir þann síðarnefnda samdi hann sellókonsert. Prokofiev lést sama dag og Stalín og féll sá atburður því nokkuð í skuggann. PE



Johannes Brahms (1833-1897): Sinfónía nr. 1 í c-moll op. 68.

Jöfurinn Beethoven kastaði löngum skugga sem Brahms, síðastur og mestur hinna stóru sífónísku tónskálda í anda Beethovens, fann jafnan fyrir. Fyrsta sífónía Brahms, sú sem hér er flutt, var stundum nefnd „10. sífónían“ af augljósum ástæðum: andinn mikli svífur yfir vötnunum, ekki síst í upphafsbættinum, og alveg greinilega í stefi lokakaflans sem á yfirborðinu minnir ekki lítið á óðinn til gleðinnar í 9. sífóníunni. Ekki líkaði Brahms

sjálfum þó sá samanburður, og taldi stefin tvö í eðli sínu gerólík. En svo mjög vandaði hann sig við samningu þessarar „beethovensku sífóníu“, að það tók hann næstum aldarfjórðung. Fyrstu drögin að sífóníunni lagði hann upp úr 1850, byrjaði að skrifa hana 1855 og lauk ekki við hana fyrr en í september 1876. Meðal þeirra mörgu verka sem hann samdi á þeim 25 árum voru Haydn-tilbrigðin op. 56, sem líta má á sumpart sem æfingu í því að skrifa fyrir hljómsveit.

Mörgum þykir Brahms „erfitt tónskáld“, þ.e. ekki auðtekið, en hins vegar sýnir reynslan að þeir sem nenna að kynnast honum stofna með því til varanlegrar vináttu. Brahms var umdeildur á sinni tíð, eins og frægt er, m.a. skrifaði Tsjekofský að honum væri fyrirmunað að búa til fallett stef. Svona getur jafnvel hinum skýrustu skjóplast. Sig. St

FLYTJENDUR



Helgi Heiðar Stefánsson fæddist árið 1980, ólst upp á Akureyri og lærði á píanó við Tónlistarskólann á Akureyri. Helstu kennarar hans þar voru Helga Bryndís Magnúsdóttir og Daniel Þorsteinsson. Árið 2000 útskrifaðist hann frá Menntaskólanum á Akureyri af eðlisfræðibraut og tónlistarbraut og þá um haustið tók hann þátt í 1. píanókeppni EPTA sem haldin var í Salnum í Kópavogi. Ári seinna flutti hann síðan til Reykjavíkur og hóf nám hjá Halldóri Haraldssyni, fyrst í Tónlistarskólanum í Reykjavík og svo við nýlega stofnaða tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Hann útskrifaðist árið 2005 með bakkalár gráðu í píanóleik frá LHÍ og tveimur árum

seinna með grunn- og framhaldsskólakennsluréttindi í tónmennt frá sama skóla. Helgi Heiðar hefur kennt á píanó í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Nýja tónlistarskólanum frá árinu 2005.